

Fundargerð

ÁRSFUNDAR

Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2017

Haldinn fimmtudaginn 8. júní 2017 kl. 12.00 í Sigtúni 42, Reykjavík.

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargestir voru fimmtán, stjórn, starfsmenn og gestir þar meðtaldir. Ársskýrslu Brúar lífeyrissjóðs fyrir árið 2016 var dreift til viðstaddra.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Ávöxtun Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á liðnu ári var undir væntingum. Raunávöxtun ársins var neikvæð um 0,3% en árið áður var raunávöxtun sjóðsins 9,4%. Sveiflan á milli ára er umtalsverð en lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar sem eru að hámarka ávöxtun eigna sinna til lengri tíma með tilliti til áhættu. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins fyrir síðustu 5 ár er 4,4% og síðustu 10 ár 1,7% og er það undir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands var mikill kraftur í hagkerfi landsins á árinu 2016 og nam hagvöxturinn um 7,2%. Það er mun meiri vöxtur en spáð var fyrir og sá mesti frá árinu 2007. Þrátt fyrir jákvæða hagsveiflu átti innlengi hlutabréfamarkaðurinn erfitt uppdráttar á árinu og lækkaði úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands um 9% milli ára. Þetta er í fyrsta sinn frá endurreisn markaðarins í kjölfar efnahagshrunsins sem hlutabréfamarkaðurinn skilar neikvæðri ávöxtun milli ára. Skuldabréfamarkaðurinn var nokkuð stöðugur framan af árinu en helstu áhrifaþættir á ávöxtunarkröfu skuldbréfa eru lág verðbólga og vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á árinu 2016 var misjöfn milli markaða. Heimsvísitala Morgan Stanley, sem talinn er einn helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum, hækkaði að teknu tilliti til arðs um 7,5% í dollurum. Íslenska gengisvísitalan styrktist umtalsvert eða um 15,6% og varð því ávöxtun erlendra eigna sjóðsins neikvæð.

Ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2016 er nú gerður í fyrsta sinn samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Um er að ræða heildstæða breytingu á reikningsskilaaðferðum er varðar flokkun, framsetningu og mat fjölmargra liða reikningsskilanna. Gerðar eru ítarlegri kröfur um skýringar vegna ýmissa þátta, t.d. áhættustýringar, stjórnarháttar og þóknana til fjármálafyrirtækja auk þess sem framsetning sjóðstreymis breytist verulega. Jafnframt er gerð krafa um að samanburðartölur séu leiðréttar með tilliti til nýju reglnanna. Heildaráhrif breytinganna eru að hrein eign sjóðsins m.v. árslok 2015 hækkar um 3.904 m.kr. en áhrif á nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2015 er 1,3% til hækkunar.

Á árinu 2016 voru greidd iðgjöld fyrir 24.825 sjóðfélaga en að meðaltali var greitt fyrir 16.225 sjóðfélaga. Fjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 89.910 árinu 2016 samanborið við 88.022 á árinu 2015. Heildariðgjöld ársins námu 11,6 ma.kr. og heildargreiðslur lífeyris á árinu 2016 námu tæpum 3,6 ma.kr. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlega lífeyri til 5.500 sjóðfélaga. Rekstrarkostnaður ársins 2016 var 295 m.kr. en kostnaðurinn er um 0,2% af hreinni eign í árslok. Heildareignir sjóðsins námu í árslok 2016 128,4 ma.kr. og hækkuðu um 10,1 ma.kr. á milli ára. Framkvæmdastjóri sjóðsins mun greina frekar frá helstu stærðum úr ársreikningi sjóðsins hér á eftir.

GF
pmh

Á miðju ári 2016 fékk Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga nýtt nafn sem er Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Í kjölfar stefnumótunarvinnu var ákveðið að finna bæði nýtt nafn og merki fyrir sjóðinn og opna nýja heimasíðu. Jafnframt tók sjóðurinn stórt skref í rafrænni þjónustu. Allar umsóknir sjóðsins eru nú eingöngu gerðar með rafrænum hætti en sjóðfélagi getur fylgst með framvindu sinna mála í gáttinni. Þá er einnig rétt að nefna að sjóðurinn heldur reglulega námskeið um lífeyrisréttindi fyrir sjóðfélaga sem eru að huga að starfslokum og hafa námskeiðin verið vel sótt.

Eftirspurn eftir sjóðfélagalánum jókst á árinu 2016 en sjóðurinn býður nú upp á óverðtryggð íbúðarlán með breytilegum vöxtum. Sjóðurinn kemur þannig til móts við þarfir sjóðfélaga en áður veitti sjóðurinn eingöngu lán á föstum verðtryggðum vöxtum.

Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar hóf viðræður um sameiningu inn í B deild Brúar lífeyrissjóðs síðastliðið haust og þann 22. febrúar sl. var undirritaður samningur um sameiningu hans í B deildina sem miðast við 1. janúar 2017.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2016 sýnir að í A deild voru skuldbindingar umfram eignir um 13,3%. Hlutfall í A deild fyrir árið 2016 er yfir viðmiði laga og því ber stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins skal við þessar aðstæður hækka iðgjald launagreiðanda. Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt sem hefur áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Breytingar tóku gildi 1. júní 2017 og hafa þær bæði mikil áhrif á stöðu deildarinnar og á réttindi nýrra sjóðfélaga. Frá þeim tíma verður aldurstengt réttindakerfi tekið upp í stað jafnrar réttindaávinnslu. Breytingar á réttindakerfi A deildar greiða laungreiðendur annars vegar með framlögum til sjóðsins sem ætlað er til að jafna áfallna stöðu hans og hins vegar með framlögum í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Samhliða er felld niður skylda launagreiðanda til að greiða hækkað iðgjald til að jafna tryggingafræðilega stöðu.

Á árinu 2016 voru haldnir 19 stjórnarfundir auk árlegs vinnufundar. Starf stjórnar gekk vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði kjörinn Guðmundur Friðjónsson og fundarritari Pálína Margrét Hafsteinsdóttir.

Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Hann lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögumtættan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð á ársreikningi sjóðsins.

2. Ársreikningur Brúar lífeyrissjóðs

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs 2016. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn án athugasemda.

Framkvæmdastjóri skýrði frá nýjum reglum FME nr. 335/2015 frá árinu 2015 um framsetningu og innihald ársreikninga lífeyrissjóða sem komu til framkvæmda í fyrsta sinn við ársreikningsskilin. Reglurnar ná til flokkunar, framsetningar og verðmats allra eigna sjóðsins auk ýmissa þátta í rekstri hans og upplýsingagjöf í ársreikningi. Umfang ársreiknings tvöfaldaðist við breytinguna og framsetning upplýsinga breyttist. Stefna um matsaðgerð fjármálagerninga var undirrituð af stjórn í febrúar sl. og er meginregla að meta fjármálagerninga á gangvirði, þó er heimild til að meta skuldabréfaeign sem ekki er skráð á verðbréfamarkaði áfram á kaupkröfu. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu áhrif breytinganna

á ársreikninginn en áhrif á hreina eign er að finna í skýringum 43-47 í ársskýrslu. Hrein eign sjóðsins miðað við árslok 2015 hækkaði um 3,9 ma.kr. Endurmatið hækkaði jafnframt fjárfestingatekjur 2015 um 1,5 ma.kr. Þannig að nafnávöxtun 2015 hækkaði um 1,3% vegna endurmats. Matsbreytingin hefur ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir kynningu á helstu niðurstöðum sem birt eru í ársreikningi. Hrein eign sjóðsins var 128,5 ma.kr og hækkaði um 10,1 ma.kr. á árinu 2016 sem samsvarar 1,8% nafnávöxtun eða neikvæðri raunávöxtun upp á 0,3%. Hrein eign A deildar var 102 ma.kr. sem hækkaði um 7,8 ma.kr. frá 2015. Hrein eign V deildar var 21,8 ma.kr. sem hækkaði um 2,7 ma.kr frá árinu á undan. Eignum A og V deildar er stýrt saman þannig að nafnávöxtun þeirra nam 1,8% á árinu og raunávöxtun var neikvæð um 0,3%. Hrein eign B deildar var 4,5 ma.kr. og lækkaði um 359 m.kr. Nafnávöxtun B deildar nam á árinu 0,8% en hrein raunávöxtun var neikvæð um 1,3%.

Ávöxtun ársins var undir væntingum í ár og raunávöxtun neikvæð en fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,4% og tíu ára meðaltal er 1,7%. Skýring slakrar ávöxtunar í ár var m.a. vegna lækkunar hlutabréfa innanlands og styrkingar krónunnar sem hafði áhrif á ávöxtun af erlendum eignum.

Virikum sjóðfélögum fækkaði lítillega eftir stöðuga fjölgun síðustu ár. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í sjóðnum óháð því hvort þeir hafi greitt iðgjald eða þegið lífeyri voru 89.910 í árslok 2016, samanborið við 82.757 í upphafi árs. Lífeyrisþegum fjölgar í öllum deildum og voru 5.500 að meðaltali á árinu samanborið við 4.805 árið áður.

Iðgjöld hækkuðu um 12% milli ára en bein iðgjöld sjóðfélaga hækkuðu um 11,5%. Nam heildargreiðsla iðgjalda 11,6 ma.kr. Lífeyrisgreiðslur námu 3,5 ma.kr. og hækkaði um 19,2% milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,1% og vísitala skuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 11,3% á árinu en 37,5% allra lífeyrisgreiðslna eru í B deild.

Þá fór framkvæmdastjóri yfir fjárfestingatekjur sem námu 2,5 ma.kr. á árinu 2016 og lækkuðu um 9,8 ma.kr. á milli ára. Lækkunin skýrist af viðsnúningi í ávöxtun hlutabréfa en skráð innlend hlutabréf lækkuðu um 9% á árinu en hækkuðu um 43,4% árið áður. Styrking krónu rýrði ávöxtun erlendra eigna og ávöxtun innlendra verðtryggðra skuldabréfa lækkaði einnig töluvert. Þá höfðu breyttar reiknings-skilareglur FME einnig áhrif til lækkunar á árinu 2015 sem hafði áhrif á samanburð við árið 2016.

Fjárfestingagjöld voru 505 m.kr á árinu og hækkuðu lítillega á milli ára eða um 1% m.a. vegna þess að markvisst var unnið að því að draga úr fjársýslu- og vörsluþóknunum. Rekstrarkostnaður var 295 m.kr. og hækkaði um 5,5% milli ára. Stöðugildi í árslok eru 17 samanborið við 16,5 í árslok 2015.

Ekki voru miklar breytingar á samsetningu fjárfestinga milli ára. Mest aukning er í skuldabréfaeign, bæði hlutfallslega og í bókfærðu virði. Sem fyrr vega skuldabréf, einkum með ríkisábyrgð þýngst í eignasafninu, skuldabréf lánastofnanna hækkuðu mest á milli ára. Vægi hlutabréfasjóða og hlutabréfa helst nokkurn veginn óbreytt á milli ára.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.

Almennar umræður um framtíðarhorfur varðandi ávöxtun eigna, breytingar á upplýsingakerfum og upplýsingaöryggi þar af lútandi og áhrif nýrrar persónuleikalöggjafar. Sjóðurinn hefur bæði unnið þarfagreiningu og áhættumat við innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum og unnið er að mati á áhrifum á nýrri persónuleikalöggjöf. Þá voru umræður um breytingar á A deildinni og upplýsingamiðlun sjóðsins til launagreiðenda vegna breytinganna. Greint var frá því að sjóðurinn leggur áherslu á góða upplýsingagjöf vegna málsins og er m.a. fyrirhuguð hringferð um landið nú á næstu vikum.

3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2016. Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga sem tóku breytingum á árinu, en það voru forsendur um lífslíkur reynslu árána 2010-2014 og örorkulíkur miðað við reynslu árána 1998-2002.

Tryggingafræðileg úttekt er gerð sérstaklega fyrir hverja deild sjóðsins. Við úttektina er miðað við að raunávöxtun eigna verði 3,5% á komandi árum. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu er að finna í sérstöku yfirliti fyrir hverja deild fyrir sig og í skýringu 38 í ársreikningi.

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun voru heildarskuldbindingar A deildar 225 ma.kr. og endurmetnar heildareignir 195 ma.kr. m.kr. í árslok 2016. Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar sýnir að skuldbindingar umfram eignir var 13,3%. Hlutfallið er yfir viðmiði laga og því ber stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997. Samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins skal við þessar aðstæður hækka iðgjald launagreiðanda. Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt en hefur sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Samþykktum sjóðsins hefur nú verið breytt.

Tryggingafræðileg athugun fyrir V deildina segir að heildarskuldbindingar eru 56 ma.kr. og endurmetnar heildareignir 58 ma.kr. m.kr. í árslok 2016. Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar er því að eignir umfram skuldbindingar er jákvæð um 3,4%.

Tryggingafræðileg athugun B deildar er neikvæð um 25,8%, en þar sem deildin nýtur bakábyrgðar sveitarfélaga er ekki gerð krafa um hækkan iðgjalds, þar sem launagreiðendum ber samkvæmt samþykktum að endurgreiða hlutfall af lífeyrisgreiðslum til sjóðsins. Hlutdeildin er frá 56% til 67% mismunandi eftir réttindasöfnum. Hlutdeild launagreiðenda í greiddum lífeyri mun þurfa að hækka en hlutfallið skal ákvarðað árlega fyrir hvert réttindasafn að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlið.

Engar umræður.

4. Fjárfestingastefna

Guðmundur Friðjónsson, sviðstjóri eignastýringarsviðs, fór yfir fjárfestingastefnu ársins 2017. Hann fór yfir þróun innlands verðbréfamarkaðar og horfur og helstu áherslur í eignasafni sjóðsins. Áherslur í eignasafni sjóðsins er að minnka vægi ríkistryggtra skuldabréfa, auka vægi sértryggðra bankabréfa og auka vægi erlendra verðbréfa.

Í fjárfestingastefnu ársins 2017 fyrir A og V deildir var vægi ríkistryggðra skuldabréfa lækkað úr 40% í 35% og markmið í skuldabréfum banka hækkað úr 5% í 10%. Markmið annarra eignaflokka helst óbreytt frá fyrra ári, en það eru skuldabréfa sveitarfélaga helst í 8%, fasteignatryggð skuldabréf verða áfram 6%, sérhæfðar fjárfestingar verða 6%, vægi innlendra hlutabréfa 15%, erlend hlutabréf 10% og markmið í öðrum verðbréfum verður áfram 10%.

Í fjárfestingastefnu B deildarinnar var vægi skuldabréfa sveitarfélaga lækkað úr 8% í 5% og vægi erlendra hlutabréfa hækkað úr 7% í 10%. Einnig mun markmið í gengisbundnum verðbréfum hækka úr 7% í 12% og markmið í óskráðum verðbréfum lækkað úr 10% í 5%. Aðrir eignaflokkar voru óbreyttir á milli ára.

Fram kom að væntanlega þurfi að taka stefnuna upp í haust vegna breytinga á A deild þar sem vægi skuldabréfa sveitafélaga mun aukast vegna framlags launagreiðenda í lífeyrisaukasjóð. Framlagið skal annað hvort vera greitt í einu lagi eða með verðtryggðu skuldabréfi með 3,5% vöxtum að hámarki til 30 ára.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.

Engar umræður.

5. Breytingar á samþykktum sjóðsins

Póra Jónsdóttir, sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, kynnti breytingar á samþykktum sem stjórn samþykkti á fundi sínum 8. maí sl. og fjármálaráðuneytið samþykkti þann 1. júní, eftir yfirferð aðildarfélaga sjóðsins, BHM, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ og umsögn frá Fjármálaeftirlitinu.

Breytingarnar varða fyrst og fremst A deild sjóðsins en með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar. Samþykktir voru aðlagðar með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar vegna lagaákvæðis höfðu einnig áhrif á viðmiðunaraldur lífeyristöku í V deild sem og réttindatöflur.

Þá hefur V. kafli samþykktu um B deild verið aðlagður vegna inngöngu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar í B deildina. Auk þess sem að viðauka var bætt við samþykktirnar með réttindaákvæðum úr samþykktum Eftirlaunasjóðsins.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 5. dagskrárlið.

Umræður voru um fyrirhugaða samninga ríkisins við sveitafélög vegna yfirtöku ríkisins á lífeyris-skuldbindingum hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitafélögum. Rætt var um mögulegar breytingar á samþykktum B deildar vegna þessa. Fram kom að samþykktir sjóðsins verði líklega teknar upp aftur í haust m.a. vegna breytinga á lögum um almannatryggingar. Samhliða kæmi til greina að skoða aðrar breytingar á samþykktum sjóðsins.


6. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundarstjóri lagði til að hann sjálfur ásamt fundarritara myndu ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Formaður stjórnar þakkaði viðstöddum fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 13.15.



Guðmundur V. Friðjónsson
fundarstjóri



Pálína Margrét Hafsteinsdóttir
fundarritari